

Íslenskur iðnaður

3. tölublað 17. árg.

Mars 2011

Samtök iðnaðarins

SI



Iðnþing 2011

NÝ- SKÖPUN

ALLS STAÐAR



Tæplega 300 manns sóttu Iðnþing Samtaka iðnaðarins. Þar var rætt um nýsköpun sem leið til endurreisnar í íslensku atvinnulífi. Helgi Magnússon, formaður SI, og Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra, ávörpuðu þingið en að því

loknu héldu erindi Andri Þór Guðmundsson, Guðrún Högnadóttir, Tatjana Latinovic, Jón Ágúst Þorsteinsson og Orri Hauksson.

Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins, sagði m.a. í ræðu sinni að

Íslendingar þyrftu nýsköpun hugarfarsins umfram annað. Hann benti á að við værum enn föst í viðjum efnahagshrunsins og því miður væru alltof margir uppteknir af hatri og refsigleði. Það torveldaði okkur leiðina út úr kreppunni.

Þá fjallaði Helgi um mikilvægi þess að berjast fyrir hagstæðum aðildarsamningi við ESB.

Helgi gerði auðlindir Íslands einnig að umtalsefni og sagði stórkostleg tækifæri felast í hreinu vatni, orku, matvælum og landi. „Hin risavöxnu viðfangsefni jarðarbúa á næstu árum og áratugum felast í því að geta séð hinum mikla fjölda fyrir mat, vatni, orku og landrými. Þar liggur styrkur Íslands. Þar liggja tækifæri Íslands. Vandí umheimsins er tækifæri okkar. Kuldalegt en engu að síður staðreynd. Smáþjóð sem býr yfir þessum auðlindum á að hafa alla burði til að geta nýtt sér þær og lífað góðu lífi.



Sjá nánar um Iðnþing á bls. 4 og 5

bls. 2



Aðgerðir þurfa að fylgja fögnum fyrirheitum

bls. 3



Vilborg Einarsdóttir varaformaður SI

bls. 4 og 5



Iðnþing 2011

bls. 9



Svipmyndir frá Ársþingi SI

bls. 12



Útböðsþing SI

Aðgerðir þurfa að fylgja fögrum fyrirheitum



Bjarni Már Gylfason
hagfræðingur SI

Hinar ýmsu hagtölur og hagspár gefa til kynna að botni kreppunnar hafi verið náð. Íslenska hagkerfið sökkvi ekki dýpra. Stjórnvöld keppast við að sannfæra okkur um að bjartari tíð sé handan við hornið og sú söguskýring fær gjarnan að fljóta með að íslenska krónan sé helst bjargvættur íslensks atvinnulífs.

Aðstæður slæmar

Slíkar fullyrðingar samrýmast illa þeim skilaboðum sem stjórnendur fyrirtækja senda okkur. Samkvæmt nýrri könnun meðal stærstu fyrirtækjanna telja um 81% fyrirtækja í iðnaði aðstæður í efnahagslífinu slæmar og 27% telja að aðstæður verði verri eftir 6 mánuði. Þótt árin 2009 og 2010 hafi verið ein þau verstu sem atvinnulífið hefur gengið í gegnum telur þriðjungur fyrirtækja að hagnaður verði minni á þessu ári en í fyrra og helmingur að hann verði óbreyttur. Mun fleiri fyrirtæki hyggjast fækka fólk en fjölga og fjárfestingar eru í sögulegu lágmarki. Í þessu ljósi er eðlilegt að spyrja sig um innistæðu fyrir fullyrðingar á borð við að nú taki við hagvöxtur og að botninum sé náð. Ennfremur hvort staða okkar á botni kreppunnar sé traust og hverjar séu forsendur þess að viðspyrna leiði til raunverulegs efnahagsbata.

Óvissa og aðgerðarleysi

Á sama tíma og unnið er að því að sannfæra okkur um að nú liggja leiðin upp á við er ekki sérlega margt að finna í aðgerðum stjórnvalda sem styður við þá þróun. Lítið þokast í að koma mikilvægum málum áfram á stjórnarheimilinu. Erfiðlega gengur að koma margvíslegum stórfamkvæmdum í gang. Það á einkum við um stóriðjuframkvæmdir þar sem

sumir ráðherrar beinlínis gera það sem þeir geta til að ekkert verði af slíkum framkvæmdum. Vissulega eru framkvæmdir við Búðarháls og stækkun í Straumsvík í góðum gangi en betur má ef duga skal. Ennþá er mikil óvissa um sjávarútvegsmál en sú óvissa hefur miklar og alvarlegar afleiðingar víða í iðnaðinum. Erfiðlega gengur að taka ákvarðanir í samgöngumálum jafnvel þótt fyrir liggja vilji hjá einkaaðilum til að taka þátt í fjármögnun. Loks gengur illa að fá stjórnvöld að samningaborðinu með aðilum vinnumarkaðarins. Í þessum orðum felst ekki endilega ásökun á hendur stjórnvöldum um að vilja ekki koma hinum títtnefndu hjólum atvinnulífsins í gang. Vilji og góður ásetningur dugur bara ekki til.

Mikilvægt að skapa trú og væntingar

Fyrsta skrefið felst ekki endilega í að blása til stórfamkvæmda þótt það yrði vissulega til bóta. Mikilvægara er að skapa trú og væntingar meðal fólks og fyrirtækja um að raunveruleg innistæða sé fyrir bættum efnahag. Fyrir tekur fjárfesting og einkaneysla ekki við sér. Í því efni hefur stjórnvöldum helst mistekist. Raunar hafa yfirlýsingar stjórnvalda um mögulegar skattahækkanir og þjóðnýtingu einkafyrirtækja o.fl. ýtt undir væntingar um áframhaldandi kreppu. Réttu leiðin til að komast upp af botninum felst að minnsta kosti ekki í að gefa út nýjar hagspár og flytja tilkomumiklar ræður á tyllidögum. Slíkum orðum þurfa að fylgja aðgerðir en ekki bara fögur fyrirheit. Framkvæmdir og pólitískur kjarkur eru til þess fallin að skapa trú á betri tíð.

Áhættusamt að fjárfesta

Skýr birtingarmynd þessarar vantrúar

felst í mati alþjóðlega tryggingarísans Aon á landsáhættu fyrir beina erlenda fjárfestingu hér á landi. Aon metur landsáhættu hér í þriðja flokki af sex eða í meðalflokki. Ísland er eina vestræna ríkið sem stendur svo neðarlega í flokkun Aon. Meðal þeirra ríkja sem deila þeim flokki með Íslandi eru Rússland, Egyptaland, Tyrkland, Kína og Saudi-Arabía. Aon telur minni áhættu að fjárfesta í Suður-Afríku, Namibíu, Botswana og Rúmeníu en hér á landi svo að nokkur dæmi séu nefnd. Miðað við hve lítið er fjárfest hér á landi virðast jafnvel landsmenn sjálfir deila þeirri skoðun að hér sé áhættusamt að fjárfesta og öruggara að liggja með fé óhreyft inni á bankareikningum. Grunnástæðan fyrir mati Aon er annars vegar mikil pólitísk óvissa og hins vegar efnahagslegur óstöðugleiki.

Mikilvægasta verkefni stjórnvalda er að vinda ofan af þessari vantrú. Það er ekki nóg að vísa til þess að hagspár bendi til að hagvöxtur sé að aukast og svo þurfi að samþykkja Icesave. Forsendur þess að hagspár rætist er að fyrirtækin fari að fjárfesta á ný og heimilin í landinu vilji og geti aukið neyslu.

Náum vopnum okkar á ný

Íslenskur iðnaður og allt atvinnulíf í landinu stendur frammi fyrir algerlega nýjum aðstæðum eftir efnahagshrunið. Nánast allir þættir er snúa að rekstri fyrirtækja eru breyttir frá þeim tíma sem við höldum að Ísland yrði alþjóðleg fjármálamiðstöð. Fjármálaumhverfið er breytt, skattaumhverfið er breytt, vinnu- markaðurinn breyttur, peningastefnan er óþekkt og krónan í höftum. Í þessu umhverfi þurfum við að spyrna okkur upp af botninum, synda upp á yfirborðið og ná vopnum okkar á ný.



Hvað er að fréttu?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna www.si.is Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið rakel@si.is

Nýir stjórnarmenn SI

Helgi Magnússon var endurkjörinn formaður Samtaka iðnaðarins með 85% atkvæða. Helgi er að hefja sjötta og síðasta tímabil sitt sem formaður. Úr stjórninni ganga Aðalheiður Héðinsdóttir og Loftur Árnason eftir sex ára starf en samkvæmt lögum SI getur stjórnarmaður ekki setið lengur. Í stjórnina voru endurkjörnir þeir Tómas Már Sigurðsson og Andri Þór Guðmundsson. Ný inn í stjórnina koma Guðrún Hafsteinsdóttir og Kolbeinn Kolbeinsson. Fyrir í stjórn samtakanna eru Bolli Árnason, Sigsteinn P. Grétarsson og Vilborg Einarsdóttir.

Þeir tveir, sem komust næst því að ná kjöri til stjórnar að atkvæðatölu eru Halldór Einarsson og Hilmar Veigar Pétursson. Þeir taka sæti í ráðgjafaráði og eru jafnframt varamenn í stjórn SI.



Kolbeinn Kolbeinsson lauk B.Sc. prófi í byggingaverkfræði frá University of Michigan í Ann Arbor árið 1979 og M. Sc. prófi frá sama skóla ári síðar. Kolbeinn starfaði sem ráðgjafarverkfræðingur á Verkfræðistofu Gunnars Torfasonar að námi loknu og fram til ársins 1997, fyrst sem hönnuður, en lengst af sem byggingarstjóri og verkefnastjóri við fjölda verkefna í mannvirkjagerð. Kolbeinn réðst til Ístaks árið 1997 og hefur starfað þar síðan, fyrst sem staðarstjóri bæði við verkefni hér á landi og erlendis en síðan sem aðstoðarframkvæmdastjóri í 7 ár og loks sem framkvæmdastjóri.

Hann hefur verið virkur í ýmsu félagsstarfi samhliða vinnu, haldið námskeið í EHÍ, sinnt stundakennslu um tíma í HR, situr í háskólaráði HR og hefur viðurkenningu IPMA til að veita verkefna-

Vilborg Einarsdóttir, fyrsta konan til að gegna varaformannsembætti hjá SI



Áfyrsta stjórnarfundum SI eftir aðalfund skipti stjórnin með sér verkum. Vilborg var kjörin varaformaður SI og Andri Þór Guðmundsson ritari stjórnar. Vilborg er framkvæmdastjóri og einn aðaleigandi Mentors. Hún er með B.ed próf frá Kennaraháskóla Íslands og MSc gráðu í Viðskiptafræði á sviði stjórnunar og stefnumótunar frá HÍ og Verslunarháskólanum í Árósum.

Að loknu námi í Kennaraháskólanum starfaði Vilborg sem kennari í fullorðinsfræðslu og stofnaði m.a. skóla fyrir atvinnulaust fólk á vegum Menningar- og fræðslusambands alþýðu. Frá árinu 2002 hefur hún starfað í eigin fyrirtæki og gegnt starfi stundakennara í viðskiptafræðideild HÍ. Vilborg hefur setið í stjórn Félags sprotafyrirtækja frá árinu 2006.

stjórum alþjóðlega vottun fyrir hönd Verkefnastjórnunarfélags Íslands.

Kolbeinn er kvæntur Þórdísi Klöru Ágústsdóttur, ljósmóður, og eiga þau fjögur börn.

Guðrún Hafsteinsdóttir er markaðsstjóri Kjöriss ehf. í Hveragerði og einn eigenda fyrirtækisins. Guðrún lauk B.A. prófi í mannfræði frá Háskóla Íslands. Hún hefur starfað nær allan sinn starfsaldur hjá Kjörís við hin ýmsu störf.

Guðrún hefur alla tíð unnið ötullega að félagsmálum. Hún sat í skipulags- og umhverfisnefnd Hveragerðisbæjar tvö kjörtímabil, þar af annað sem formaður. Guðrún á nú sæti í fræðslunefnd Hveragerðisbæjar. Hún hefur einnig unnið fyrir Íþróttahreyfinguna og er formaður sunddeildar Hamars í Hveragerði.

Guðrún er gift Davíð Jóhanni Davíðssyni, iðnrekstrarfræðing, og þau eiga þrjú börn.



Nýir félagsmenn Samtakanna

Ávaxtabíllinn ehf.
Dugguvogi 3
104 Reykjavík

Efnalausnir ehf.
Keldnaholti
112 Reykjavík

IceCP
Vatnagörðum 16-18
104 Reykjavík

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
3. tbl. 17. árg. Mars 2011
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmíðu: 31.3.2011
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plaströkkun: Bjarkarás
Ljósmyndir: Odd Stefán, Gunnlaugur Ö. Valsson bls. 6,
Hörður Sveinsson, bls. 12
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson
Ritstjóri: Rákel Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.



Hún á að geta haldið háum meðaltekjum fólks, háum kaupmætti, lágu atvinnuleysi, haft öflugt atvinnulíf og gott mannlíf. Til þess að svo verði þurfum við samstöðu um uppbyggingu og nýtingu tækifæra.

Skýr merki þess að farið sé að birta til

Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra sagði nú sjást skýr merki þess að tekið væri að birta til. Nefndi hún því til stuðnings þrjár framkvæmdir sem samtals nema 100 milljörðum króna. Þær felast í breytingum á álverinu í Straumsvík, kísilveri í Helguvík og Búðarhálsvirkjun.

Katrín sagði að meðal þeirra stóru mála, sem þurfi að taka á, væru annars vegar staða Íslands innan Evrópu og hins vegar staða gjaldmiðilsins. Trúverðugleiki íslenskrar peningamálastefnu væri ekki meiri en svo að gengi krónunnar væri tvíþætt. Annars vegar væri haftagengi hér heima en aflandsngengi í útlöndum.

Í lok ræðu sinnar þakkaði Katrín Samtökum iðnaðarins og fjölmörgum einstaklingum og fyrirtækjum innan þeirra raða fyrir gott og frjótt samstarf á liðnum misserum. „Ég vil þakka fyrir þennan fund í dag og þá einbeittu áherslu á nýsköpun sem fram fer á þessum vettvangi. Nýsköpun snýst ekki eingöngu um að kasta fram góðum hugmyndum heldur að koma þeim áleiðis til þróunar og þroska þannig að úr verði framleiðsla eða þjónusta sem á framtíðina fyrir sér á markaði.“



Köstum krónunni og hættum neyslustýringu

Andri Þór Guðmundsson fjallaði í erindi sínu um nýsköpun í rótgrónum fyrirtækjum, hvaða skilyrði og næring þurfi að vera fyrir hendi til að nýsköpun geti þrífist. Hann nefndi Ölgerðina sem dæmi um fyrirtæki þar sem blómleg nýsköpun ætti sér stað á öllum stigum í framleiðsluferlinu.

Andri gagnrýndi stjórnvöld fyrir að leggja of háa skatta á ýmsar vörur, eins og gosdrykki og áfengi og sagði miður að neyslustýring hefði aftur skotið hér rótum. Þá sagði hann að nær ómögulegt væri að reka fyrirtæki á Íslandi með krónuna sem gjaldmiðil. Lokaorð Andra voru: „Köstum krónunni og hættum neyslustýringu, takk fyrir.“

Menntun, menning og máttur til nýsköpunar

Guðrún Högnadóttir, framkvæmdastjóri Opna háskólans – HR fjallaði um stöðu, virði og sóknarfæri í menntun til nýsköpunar. Hún talaði um aðferðafræði Opna háskólans – HR þar sem áhersla er lögð á raunhæfa kennslu (learning by doing), að blanda saman ólíkri grunnþekkingu, að nám væri þverfræðilegt og að virkja þyrfti klasa með því að leggja áherslu á teymisvinnu. Guðrún sagði mikilvægt að innleiða nýsköpunarfræði á



öll stig menntakerfisins, gera frumkvöðlahugsun og sköpunargleði að lykilþætti í námsskrá neðri skólastiga. Þannig væri líkleggra að skólar útskrifi nemendur sem sjá tækifæri í að skapa atvinnu en ekki eingöngu þiggja atvinnu og nemendur sem skapa þekkingu en neyti hennar ekki eingöngu.

Tilurð og verndun hugverka

Tatjana Latinovic, sviðsstjóri hugverkasviðs Össurar, fjallaði um tilurð og verndun hugverka hjá alþjóðlegum fyrirtækjum og nefndi dæmi um reynslu Össurar sem heilbrigðis-tækjafyrirtækis sem starfar á heimsvísu. Hún sagði fjárfestingu í hugverkavernd stjórnast af viðskiptalegum hagsmunum, samkeppnisumhverfi, nýtingartíma og því hvort uppfinningin væri betur varin sem leyndarmál. Fjárfesting í hugverkavernd væri dýr og að val á löndum sem sótt væri um réðist af mikilvægi markaðssvæðis, framleiðslu-landi og lagaumhverfi landa. Nauðsynlegt væri að vanda valið á einkaleyfasérfræðingum í hverju landi til að hámarka líkur á árangri í öflun vandaðra einkaleyfa.





Aðalheiður Hédinsdóttir, framkvæmdastjóri Kaffitárs var fundarstjóri Iðþþings



Mikilvægt að leysa misvægi á vinnumarkaði

Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Marorku, sagði óásættanlegt að á sama tíma og 13 þúsund manns væru án atvinnu og þægju bætur væru margvíslegar úppfylltar þarfir fyrir starfsfólk í atvinnulíf- inu. „Árlega greiða atvinnulífið, stofnanir og ríkið 25 til 28 milljarða króna í atvinnuleysisbætur. Með aðeins broti þeirra fjármuna væri hægt að lyfta Grettistaki í starfs- og endurmenntun en til þess þyrfti samstarf allra sem að málum kæmu, þ.e. fyrirtækja, ríkisins, samtaka atvinnulífsins og einstaklinga.



Stefnumótun til langs tíma nauðsynleg en lítills virði án framkvæmda

Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI, sagði í ræðu sinni að stefnumótun til langs tíma væri nauðsynleg en án framkvæmda yrði hún lítills virði.

„Kannski má orða það sem svo að okkur skorti skammtímahugsun. Sóknaráætlun 2020 er býsna snoturt plagg en án innleiðingar og eftirfylgni er hún bara það, býsna snoturt plagg,“ sagði Orri. Það sama ætti við um ýmsar fleiri áætlanir.

Í lokaerindi Iðþþings kom Orri víða við og sagði m.a. að nú væri kominn tími



framkvæmda á ótal sviðum og gerði peningamál, menntamál, framkvæmdir og samskipti við stjórnvöld að umtals- efni. Orri taldi mikilvægt að ræða hag- stjórn næstu ára miklu nánar.

„Við hjá Samtökum iðnaðarins teljum að Ísland eigi að uppfylla Maastricht

skilyrðin svo fljótt sem auðið er. En við þurfum að ganga lengra í sjálfsaga. Við eigum að taka upp sérstaka reglu varðandi opinber fjármál, svo að þau vaxi ekki úr takti við framleiðni í landinu og skemmi fyrir peningamálastjórnun, eins og raunin varð einmitt. Við þurfum líka að þróa verð- trygginguna áfram, svo að jafngreiðslufyrirkomulag húsnæðislána dragi ekki allt bit úr vaxtabreytingum Seðlabanka.“



Félagsfundur SI



Félagsfundur SI um stöðu kjaraviðræðna - Óvissa á vinnumarkaði - samræmd launastefna, sjávarútvegs-mál og verklegar framkvæmdir var haldinn á Hilton Reykjavík Nordica 21. febrúar síðastliðinn.

Tilgangur fundarins var að ræða stöðu og horfur í yfirstandandi kjaraviðræðum frá sjónarhorni SI.

Framsögumaður var Helgi Magnússon, formaður SI, sem gerði grein fyrir stöðunni og sagði m.a. frá ályktun stjórnar SA frá 1. febrúar um atvinnuleiðina.

Að erindi loknu voru leyfðar fyrirspurnir. Þar sátu fyrir svörum Vilmundur Jósefsson, formaður SA, og Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA.



Ásgeir Sandholt sigurvegari

Ásgeir Sandholt sigraði í alþjóðlegri undankeppni súkkulaðimeistara sem fram fór í Bella Center í Danmörku fyrir Barry Callebaut World Chocolate Masters keppnina sem haldin verður í París dagana 17. - 20. október næstkomandi. Sjö keppendur tóku þátt í undankeppninni en aðeins tveir komust áfram. Ásgeir vann keppnina og var langt fyrir ofan aðra keppendur í heildarstigum. Ásgeiri til aðstoðar var Elísa Gelfert. Auk Ásgeirs mun Palle Sörensen frá Danmörku halda til Parísar og keppa um titilinn góða World Chocolate Masters.

SI Ályktun Iðnþings 10. mars

- **Átak í verk- og tæknimenntun**
- **Sparnaður hins opinbera með klasasamstarfi**
- **Trúverðug stefna í peningamálum og afnám gjaldeyrishafta**
- **Óvissu létt af atvinnulífinu**
- **Umsóknarferli að ESB verði lokið með faglegum hætti**
- **Festu komið á skipan stjórnkerfis og löggjafar**
- **Fjárfestingar og framkvæmdir**
- **Skattkerfið einfaldað á ný og skattþrósentur lækkaðar**

Vinnumarkaðurinn er í misvægi. Á sama tíma og djúp kreppa ríkir í tilteknum atvinnugreinum skortir vinnuafli í öðrum, einkum tæknimenntað fólk. Um 14 þúsund manns eru án atvinnu með tilheyrandi samfélagslegum kostnaði. Markvisst átak þarf til langs tíma til að rétta af þennan halla, í samstarfi atvinnulífs, menntakerfis og stjórnvalda.

Niðurskurður í rekstri hins opinbera er óhjákvæmilegur. Í því felst ekki bara ógnun heldur líka tækifæri til að endurskoða og bæta vinnubrögð og fjárveitingar. Nýta á klasasamstarf fyrirtækja, stofnana og menntakerfis til að þróa nýjar lausnir og vinnubrögð hjá hinu opinbera. Það sparar fé til langs tíma án þess að koma niður á þjónustu. Beina þarf opinberu þróunarfé sem mest úr opinberum stofnanafarvegi í samkeppnisfyrirkomulag eins og Tækniþróunarsjóður rekur.

Frá árslokum 2008 hefur íslenska krónan verið bundin í viðtæk gjaldeyrishöft eftir að bankakerfið hrundi og peningastefnan beið skipbrot. Þótt erfiðar aðstæður kunna að hafa réttlætt höftin er skaðsemi þeirra slík að ekki verður til lengdar unað. Afnám haft á áföngum er nauðsynlegt samhliða skýrri sýn til langs tíma í peningamálum atvinnulífinu til hagsbóta.

Í kjaramálum er atvinnuleiðin eini raunhæfi valkosturinn sem byggist á langtímahugsun, samræmdri launastefnu, verðmætasköpun og fjárfestingu. Stórfelldar krónutöluhækkningar leiða aðeins til verðbólgu og kjararýrnunar.

Sótt hefur verið um aðild að ESB. Halda þarf umsóknarferlinu áfram af fullum heilindum í náinni samvinnu við atvinnulíf og aðra hagsmunaaðila þar sem litið er til viðtækra hagsmuna heildarinnar en ekki bara þröngra sérhagsmuna.

Óskýrar yfirlýsingar stjórnvalda um þjóðnýtingu fyrirtækja og eignaupptöku eru afar skaðlegar. Erlendir og íslenskir fjárfestar verða að geta treyst því að hér sé réttarríki, að framkvæmdavaldið fari að lögum og reglum og því sé reynandi að taka þátt í íslenski atvinnuuppbyggingu. Festa þarf að komast á skipan stjórnkerfis og löggjafar í landinu.

Fjárfestingar eru í sögulegu lágmarki á sama tíma og mikið fé liggur óhreyft í bankakerfinu. Hraða þarf endurskipulagningu á fjárhag atvinnulífsins. Taka þarf ákvörðun um að hefja arðbærar framkvæmdir.

Vinda þarf ofan af skattahækkunum á síðastliðnum tveimur árum og greiða úr því stórflektu skattkerfi sem nú hefur verið komið á. Það hamlar fjárfestingu, tefur fyrir endurreisn atvinnulífsins en skilar litlu í ríkissjóð.



Breytingar á lögum SI

Á aðalfundi SI voru samþykktar breytingar á lögum. Um er að ræða 3. grein um aðild og skilyrði aðildar, 10. grein um tilhögun stjórnarkjörs og 14. grein um félagsgjöld. Ný lög er að finna á vefsetrinu www.si.is.



Hönnun í útflutning

Íslandsstofa, Hönnunarmiðstöð Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Samtök iðnaðarins auglýsa eftir umsóknum fyrirtækja um þátttöku í þróunarverkefninu Hönnun í útflutning. Markmið verkefnisins er að leiða saman hönnuði og fyrirtæki í samvinnu um hönnun og framleiðslu á útflutningsvörum. Þátttakendur í verkefninu munu fá framlag að fjárhæð 500.000 kr. til að standa straum af hönnunarkostnaði en gegn a.m.k. jafnháu mótframlagi fyrirtækisins.

Tilgangur verkefnisins og áherslur eru eftirfarandi:

- að leiða saman framleiðendur og hönnuði, innleiða sýn hönnunar við vörubröun og efla þátt hönnunar innan fyrirtækja
- auka innlenda framleiðslu á útflutningsvörum hjá framleiðslufyrirtækjum í útflutningi, skapa ný tækifæri í útflutningi, nýta hugvit, hráefni og framleiðslumöguleika
- hvetja fyrirtækin til að hefja útflutning þótt þau hafi einungis selt framleiðslu sína á heimamarkaði til þessa

Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra, og Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu, kynntu verkefnið á foropnun 10 + sýningar Félags húsgagna- og innanhússarkitekta á HönnunarMars.

Verkefnið stendur í 7 mánuði frá því að þátttakendur hafa verið valdir og verða niðurstöðurnar kynntar á sérstakri sýningu. Umsóknarfrestur fyrirtækja er til 27. apríl. Nánar á www.islandsstofa.is.



Mikill áhugi á nýjum mannvirkjalögum

Fjöldmenni var á kynningarfundum SI um mannvirkjalögin og nýstofnaða Mannvirkjastofnun. Fundurinn var haldinn á Grand Hótel 23. febrúar síðastliðinn. Framsögumenn voru Steinunn Fjólá Sigurðardóttir, lögfræðingur og Hafsteinn Pálsson, verkfræðingur, starfsmenn umhverfisráðuneytisins.

Þau fóru yfir lögina og helstu breytingar

á þeim, hæfiskröfur, starfsleyfi, aðlögun-arákvæði eða bráðabirgðaákvæði og tímaramma. Einnig var gerð grein fyrir starfsemi Mannvirkjastofnunar sem tók til starfa um áramót um leið og lögin tóku gildi.

Fundargestir voru áhugasamir um nýju lögin og vörpuðu fram fjölmörgum áhugaverðum spurningum.

Helstu áhersluatriði varðandi hlutverk og skyldur byggingastjóra

1. Mun ítarlegri ákvæði en áður um hlutverk og skyldur
2. Faglegur fulltrúi eiganda
3. Annast innra eftirlit eiganda eftir útgáfu byggingarleyfis
4. Byggingarstjóri má ekki jafnframt vera hönnuður eða iðnmeistari viðkomandi mannvirkis (nema mannvirkid sé til eigin nota)
5. Starfsleyfi – þrjú flokkar byggingarstjóra - eftir gerð mannvirkis
6. Gæðastjórnunarkerfi fyrir 1. jan. 2015

Helstu atriði er varða breytingar á ákvæðum um hönnuði

7. Í aðalatriðum er byggt á gildandi fyrirkomulagi
8. Hönnunarstjóri – þarf ekki að vera hönnuður aðaluppdráttar
9. Gæðastjórnunarkerfi frá 1. jan. 2015
10. Hönnunarstjóri sinnir innra eftirliti eiganda á hönnunarstigi

Ákvæði um iðnmeistara er að mestu óbreytt

11. Tekið fram að málaramameistarar og veggfóðrarameistarar þurfi ekki að skrifa upp á íbúðarhús, frístundahús o.þ.h. til eigin nota eiganda
12. Gæðastjórnunarkerfi frá 1. jan. 2015



Ert þú með hugmynd að góðu atvinnutækifæri?

Atvinnu- og nýsköpunarhelgin 15.-17. apríl nk. er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og atvinnulífsins. Einstaklingar með hugmyndir um atvinnu og nýsköpun koma saman til að skapa ný störf í samfélaginu, hvort sem í hlut eiga starfandi fyrirtæki eða nýstofnuð. Nýsköpunarhelgin er haldin í Háskólanum á Akureyri, Sólborg. Þátttaka er ókeypis og opin öllum eldri en 18 ára. Nánari upplýsingar á www.ana.is



reddot design award
winner 2011

Össur hlýtur alþjóðleg hönnunar- verðlaun

Össur hf. vann tvenn verðlaun í hinni virtu alþjóðlegu hönnunarsamkeppni sem kennd er við Red Dot samtökin. Í ár voru 4433 vörur frá sextíu löndum sem kepptu um þessi virtu verðlaun í átján flokkum. Össur fékk fyrstu verðlaun fyrir hönnun á gervifætinum PROPRIO FOOT® í flokknum Life Science and Medicine.

PROPRIO gervifóturinn er sá fyrsti sinnar tegundar sem nýtir gervigreind og fóturinn bregst sjálfkrafa við ólíkum aðstæðum. Þannig er mun auðveldara fyrir notandann að ganga upp og niður stiga eða brekku þar sem fóturinn lagar sig að aðstæðum notandans hverju sinni.

Össur hlaut einnig fyrstu verðlaun í sama flokki fyrir Rebound® Air Walker stuðningsspelkuna sem kemur í stað gips og er notuð í kjölfar margvíslegra



aðgerða og beinbrota. Spelkan eykur þægindi og veitir aukna vernd bæði strax eftir aðgerð og í endurhæfingu.

„Össur hefur í fjóra áratugi unnið að því að auka hreyfigetu fólks og því lítum við á Red Dot verðlaunin sem mikinn heiður. Við munum áfram leggja okkur fram við að hanna og þróa hágæða vörur sem hjálpa fólki að

njóta lífsins án takmarkana,” segir Jón Sigurðsson forstjóri.



Íðnaðarráðherra gæðir sér á köku ársins

Sigurður M. Guðjónsson hjá Bernhöftsbakarí og Jóhannes Felixson, formaður LABAK afhentu Katrínu Júlíusdóttur, iðnaðarráðherra, köku ársins við hátíðlega athöfn á Hrafnistu þar sem efnt var til kaffisamsætis með heimilisfólki.

Sigurður bar sig úr bítum í keppni um köku ársins sem Landsamband bakameistara efnir árlega til. Kakan verður til sölu í bakaríum félagsmanna Landsambands bakameistara út árið.



RANNÍS

Íslenskt ríkisaðstoðarkerfi til stuðnings nýsköpunarfyrirtækjum

ESA samþykkti hinn 23. mars sl. ríkisaðstoðarkerfi til stuðnings nýsköpunarfyrirtækjum. Markmið þess er að bæta og styðja við rannsóknir og tækniþróun. Nánari upplýsingar varðandi umsóknir 2010 og framhaldsumsóknir verða birtar á heimasíðu Rannís.

Nýsköpunarfyrirtæki geta sótt um skattafslátt til Rannís í gegnum aðstoðarkerfið. Ríkisaðstoðin getur numið 20% af kostnaði verkefnis eða að hámarki 100 eða 150 milljónum króna. Heildarkostnaður verkefnis getur orðið hærri en aðstoðin á aðeins við um kostnað að skilgreindu hámarki. Aðstoðin verður veitt sem endurgreiðsla á greiddum tekjuskatti nýsköpunarfyrirtækisins.

ESA telur ríkisaðstoðarkerfið vera innan marka viðmiðunarreglna stofnunarinnar á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar. Nýsköpunarverkefni, sem falla undir ríkisaðstoðarkerfið, fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru fram í viðmiðunarreglunum sem og kostnaðarþættir og umfang aðstoðarinnar. Jákvæð áhrif þess að stuðla að rannsóknum og tækniþróunum vega þar af leiðandi upp á móti þeim hugsanlega neikvæðu áhrifum sem ríkisaðstoðin gæti haft á samkeppni.

*S
v
i
p
m
y
n
d
i
r*



frá árshófi Samtaka iðnaðarins 11. mars





Útrás fyrirtækja í mannvirkjagerð

Litagleði ehf. er málningarfyrirtæki sem starfar á almennum tilboðsmarkaði á höfuðborgarsvæðinu. Að sögn Kristjáns Aðalsteinssonar, málarameistara og framkvæmdastjóra fyrirtækisins, hefur hann á síðustu misserum tvisvar farið til London með allan sinn mannskap til að sinna verkefnum fyrir íslenska sendiráðið. Hvort verk tók um það bil tíu daga og Kristján á frekar von á að eitthvert framhald verði á þessari vinnu. Aðalverktakar við endurbætur á húsnæði sendiráðsins er byggingarfyrirtækið HBH.



AH pípulagnir ehf. er pípulagningarfyrirtæki í Garðabæ sem auk almennrar pípulagningarstarfsemi hefur sérhæft sig í vinnu vegna tryggingatjóna. Upp úr miðju síðasta ári tók það að sér verk sem undirverktaki hjá Ístak við Quinngorput Skole á Grænlandi. Til að fá að koma að þessu verki þurfti fyrirtækið að leggja fram eigið gæðakerfi til samþykktar og vinna síðan samkvæmt því. Andrés Hinriksson, pípulagningameistari segir að verkið hafi gengið vel í alla staði. Það hafi verið hæfilega stórt og hann geti vel hugsað sér að vinna aftur við eitthvað þessu líkt.



Nova hlaut hæstu einkunn allra fyrirtækja í Íslensku ánægjuvöginni

Niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar voru kynntar 23. febrúar en þetta er tólfta árið sem ánægja viðskiptavina íslenskra fyrirtækja er mæld með þessum hætti. Að þessu sinni voru 25 fyrirtæki í 7 atvinnugreinum mæld. Niðurstöður byggja á svörum um 200-500 viðskiptavina hvers fyrirtækis. Hæstu einkunn allra fyrirtækja hlaut Nova 73,1 af 100 mögulegum.

Í fyrsta sæti í flokki banka og sparisjóða var Sparisjóðurinn með einkunnina 71,5. Í flokki tryggingafélaga var Tryggingamiðstöðin í fyrsta sæti með 68,7. Fallorka var í fyrsta sæti raforkusala með 64,8. Nova var í fyrsta sæti í flokki farsímafyrirtækja með einkunnina 73,1, ÁTVR var efst í flokki smásölufyrirtækja með einkunnina 71,6, Atlantsólía var efst á meðal olúfélaga með einkunnina 67,4 og Byko var efst á meðal mældra byggingavöruverslana með einkunnina 60,1.

Samtök iðnaðarins standa að Íslensku ánægjuvöginni ásamt Stjórnvísí og Capacent Gallup og taka þátt í Evrópsku ánægjuvöginni. Markmiðið er að veita fyrirtækjum upplýsingar um samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina og öðrum þáttum eins og ímynd, mat á gæðum og tryggð viðskiptavina.

Vel heppnuð upplýsingatæknimessa

Um 2000 gestir sóttu Upplýsingatæknimessuna sem haldin var dagana 18. og 19. mars. Fyrri daginn var haldin glæsileg ráðstefna á Hilton Nordica þar sem fjallað var um framlag upplýsingatækni til fyrirtækja og samfélagsins alls. Þá afhenti forseti Íslands UT verðlaunin en þau hlaut Reiknistofa bankanna. Síðari daginn var opið hús í Háskólanum í Reykjavík þar sem öll helstu upplýsingatæknifyrirtæki landsins kynntu starfsemi sína sem og mörg smærri fyrirtæki í greininni.

Tilgangur messunnar er að vekja athygli á mikilvægi upplýsingatækni fyrir samfélagið og laða fleira fólk til náms í tæknigreinunum. Háskólinn í Reykjavík, Háskóli Íslands, Skýrslutæknifélag Íslands og Samtök iðnaðarins héldu messuna í samstarfi við Microsoft, Skýrr og fleiri upplýsingatæknifyrirtæki.



Íslenskur hugbúnaður kemur til álita hjá San Francisco borg

Íslenskur hugbúnaður, MainManager frá ICEconsult, hefur verið valinn í hóp fimm bestu lausna í alþjóðlegri samkeppni á vegum Living Labs Global sem hefur að markmiði að kynna nýjungar á sviði þjónustu í borgum. MainManager kemur til greina í flokknum „Creating the Next Generation of Government“ sem unnið er í samstarfi við San Franciscoborg og verður lausn sigurvegarans tekin í notkun í borginni til að sanna notagildi sitt. Markmið San Francisco er að finna lausn sem bætir opinbera þjónustu þó að fjárveitingar séu að lækka. Kerfið á að nýta þau gögn og þá innviði, sem þegar eru fyrir hendi í borginni, með hagkvæmum hætti auk þess að auka gegnsæi og áhrif íbúa á ákvarðanatöku.

Alls voru skráð til leiks 245 verkefni frá 127 borgum og 30 löndum í 6 heimsálfum. MainManager er eina lausnin í lokahópnum fyrir San Francisco verkefnið sem kemur frá öðru landi en Bandaríkjunum. MainManager, sem hefur verið þróað alfarið hjá ICEconsult, þykir framúrstefnulegt og fela í sér margar nýjungar sem ekki hafa sést áður í hugbúnaðarlausnum sem þessum. Meðal þess er áætlanagerð og verkefnaumsýsla fyrir sveitarfélög sem gerir íbúum þeirra kleift að eiga aðild að ákvarðanatöku með beinum hætti. Nýstárleg útfærsla með tengingum við önnur kerfi eins og t.d. landupplýsingakerfi er meðal þeirra kosta sem skila kerfinu þessum árangri. Sigurvegarinn verður krýndur á glæsilegri verðlaunahátíð Living Labs Global í Stokkhólmi hinn 12. maí næstkomandi.





Íslenski þekkingar- dagurinn

Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga (FVH) stóð fyrir Íslenska þekkingardeginum í 11. sinn 25. febrúar en þann dag fara bæði fram ráðstefna og afhending verðlauna. Ráðstefnan var að þessu sinni haldin í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins. Rætt var um áhrif aðildar Evrópusambandsins á atvinnumarkað og atvinnulíf á Íslandi.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, fjallaði um áhrif aðildar á þróun kaupmáttar og launa. Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, ræddi um ávinning og ógnun af breyttu umhverfi á kjör almennings. Þá fjallaði Orri Hauks-son, framkvæmdastjóri SI, um Evrópu-samstarfið og fyrirkomulag peninga- og efnahagsmála á Íslandi.

Aðrir framsögumenn voru Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samáls, María Bragadóttir, fjármálastjóri Iceland Healthcare og Hanna Katrín Friðriksson hjá viðskiptaþróun Ice-pharma.

Að erindum loknum settust Vilhjálmur, Ólafur Darri og María í pallborð ásamt Hilmarí Veigari Péturssyni, forstjóra CCP, Frosta Sigurjónssyni, rekstrarhagfræðingur og Lofti Árnasyni, stjórnarformanni Ís-taks.

Í lok ráðstefnunnar afhenti forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson þekkingarverðlaun FVH. Þau komu í hlut flugfélagsins Icelandair. Viðskiptafræð-ingur ársins 2010 hjá FVH var valinn Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair.

Alcoa veitti 148 milljónir króna til samfélagsstyrkja



Alcoa Fjarðaál og Samfélagssjóður Alcoa veittu tæplega 50 styrki til samfélagsverkefna á síðasta ári að fjárhæð 148 milljónir króna. Hæsta styrkinn, 87 milljónir króna, fengu Vinir Vatnajökuls, samtök sem voru stofnuð í því skyni að efla og kynna Vatnajökulspjóðgarð, bæði hér á landi og erlendis. Björgunarsveitir á Austurlandi fengu rúmlega 12 milljóna króna styrk til að þjálfa og mennta austfirski björgunarsveitarmenn. Einnig fékk Hjálparstarf kirkjunnar tæplega 6 milljóna króna styrk til aðstoðar þeim sem standa höllum fæti vegna fjárhagserfiðleika.

Fjölmargir aðrir fengu styrki, m.a. íþróttafélög á Austurlandi, menningar-miðstöðin á Eskifirði, Rauði krossinn, verkefnið Þjóðleikur, Jasshátíð Austur-

lands og Vídeólistahátíðin Hreindýraland. is. Smærri styrkir voru einnig veittir t.d. Krabbameinsfélagi Austurlands og Skóg-ræktarfélagi Austur-Skaftfellinga.

Samfélagssjóður Alcoa í Bandaríkjun-um veitti rúmlega 9 milljónir króna í styrki vegna sjálfbóðaliðastarfs starfs-manna Fjarðaáls í fyrra. Meðal þeirra verkefna, sem sjálfbóðaliðar unnu að, var bygging tveggja útiskólastofa við skólana á Reyðarfirði og Egilsstöðum, bygging palls við sjúkrahúsið í Nes-kaupstað og einnig var útbúið skautasvell á Egilsstöðum.

Alcoa og Samfélagssjóður Alcoa hafa veitt samtals um 520 milljónum króna í styrki hér á landi frá árinu 2003.



Veljum íslenskt
– okkar hagur!

Samtök iðnaðarins - www.si.is

Opinberar framkvæmdir fyrir 51 milljarð

Á Útboðsþingi voru kynntar opinberar verklegar framkvæmdir að fjárhæð 51 milljarður króna. Til samanburðar voru áætlaðar framkvæmdir í fyrra að andvirði 52 milljarða króna.

Framkvæmdasýsla ríkisins

Stærsti verkkaupi ársins verður Framkvæmdasýsla ríkisins sem ráðgerir framkvæmdir á vegum ráðuneytanna að fjárhæð 12,6 milljarðar. Þar af ráðstafar velferðarráðuneytið 5,3 milljörðum króna.

Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg ráðgerir framkvæmdir fyrir 8,8 milljarða, 2,3 milljarða í viðhald gatna og fasteigna, 5 milljarða í fasteignir og stofnbúnað en einungis tæplega 1,5 milljörðum í gatnaframkvæmdir.

Vegagerðin

Vegagerðin gerir ráð fyrir að verja 10,8 milljörðum króna í nýfjárfestingar og rekstur vegakerfisins.

Orri Hauksson, framkvæmdastjóra SI, setti þingið. Í máli hans kom meðal annars fram að árleg heildarvelta í mannvirkjagerð nam um 270 milljörðum króna árin 2007 og 2008. Nú starfa um 7000 manns í mannvirkjagerð en voru um 17.500 þegar mest lét.

Þeir opinberu aðilar, sem kynntu verkefni sín á útboðsþingi, voru auk ofangreindra Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur, Landsnet og Siglingastofnun. Að auki kynnti Reginn, dótturfélag Landsbankans helstu verkefni sín.

Útboðsþing var haldið í 16. sinn en að því standa Samtök iðnaðarins, Mannvirki og Félag vinnuvélaeigenda. Nálgast má glærur á www.si.is



Íslenskar konur í nýsköpun halda fyrstu ráðstefnuna í Hörpu

KVENN – EUWIIN – GWIIN

Samtök frumkvöðlakennda ætla að halda glæsilega alþjóðlega ráðstefnu í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu hinn 25. – 26. maí næstkomandi. Þetta verður fyrsta ráðstefnan sem fram fer í Hörpu og er gert ráð fyrir að hana sæki að minnsta kosti 300 manns víðsvegar að úr heiminum.

Tilgangur ráðstefnunnar er að vekja athygli á uppfinninga- og frumkvöðlastarfsemi kvenna. Vonast er til að það muni stuðla að betri tækifærum kvenna og auka áhugann á málefnum. Karlar eru sérstaklega hvattir til að sækja ráðstefnuna, taka þátt í henni og kynna sér hvað konur eru að finna upp víðs vegar í heiminum.

Ráðstefnan í Hörpu verður fjölmennasta samkoma frumkvöðlakennda í Evrópu á þessu ári. Þar verða fluttir fyrirlestrar sem fjalla m.a. um hugverkarettindi, vörupróun, stofnun fyrirtækja, fjárfestingar, markaðsvæðingu og upplýsingatækni. Tölfræðin sýnir að konur fá 20% af styrkjum sem í boði eru hér á landi og fá lægri styrkfjárhæðir en karlar. Konur eiga 9% af skráðum einkaleyfum í Evrópu. Konur eiga 20% af fyrirtækjum hér á landi. Konur eiga 5-15% af tækni-fyrirtækjum í Evrópu. Þessar tölur sýna að mikil þörf er á að hvetja konur áfram og gera þær konur sýnilegar sem koma hugmyndum sínum úr framkvæmd. Þeim, konum sem tilnefndar verða til viðurkenningar, gefst kostur á að sýna og kynna verkefni sín eða vörur á ráðstefnunni.

Kadeco hefur boðið þátttakendum í heimsókn að kvöldi 25. maí. Þar verður gestum m.a. boðið að horfa á tískusýningu þar sem íslenskir og erlendir hönnuðir sýna glæsilega umhverfisvæna hönnun undir stjórn breska hönnuðarins Adubayo Jones.

Ráðstefnunni lýkur síðan með hátíðarkvöldverði í Bláa Lóninu þar sem viðurkenningar verða veittar þeim uppfinninga- og frumkvöðlakonum sem þykja hafa skarað fram úr.

Félag kvenna í nýsköpun, KVENN, var stofnað árið 2007. Þá komu saman konur sem fengust við nýsköpun á ýmsum sviðum. Sumar höfðu fengið alþjóðlegar viðurkenningar og tekið þátt í Nýsköpunarkeppnum en aðrar höfðu stofnað fyrirtæki um hugmyndir sínar. Það er íslenska tengslanetið KVENN sem ber hitann og þungann af skipulagi þingsins að þessu sinni en félagið á aðild að evrópska tengslanetinu EUWIIN og GWIIN, alþjóðlegu tengslaneti frumkvöðlakennda, sem teygir anga sína til Asíu, Afríku og Suður-Ameríku.

Fjölmennar ráðstefnur EUWIIN, í Berlín 2007 og síðan Helsinki 2009 sýndu, svo ekki varð um villst, að mikil þörf var á tengslaneti á borð við þau sem hér um ræðir enda þykja þau hafa skapað frjóan jarðveg og vettvang fyrir skapandi og hugmyndaauðugar konur. Nánari upplýsingar veitir Elinóra Inga Sigurðardóttir, formaður Félags kvenna í nýsköpun. Skráning er á www.kvenn.net

